



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

DANS2ME05 (FJARNÁM)

Menning og lestur

Kennari/kennarar:	Pelle Damby Carøe, pellecaroe@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla færniþætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, að efla sjálfstæði hans og vinnubrögð.

Undanfari: DANS2FJ05

Tal: Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í réttum framburði tungumálsins og geta átt samræður á tungumálinu.
Hlustun: Nemendur vinna með ýmiss konar hlustunarverkefni tengd menningu og dönsku lífi.
Ritun: Nemendur vinna með ýmsar textagerðir hvort heldur sem um er að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins og t.d. endursagnir, gagnrýni og frásagnir.
Orðaforði: Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við námsefnið: jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu.
Lestur: Nemendur lesa smásögur og ýmiss konar texta.

Námsefni:

- **Glimt** – smásögusafn í eigu nemenda frá fyrri áfanga (DANS2FJ05)

- **Fjölmiðlar** – dr.dk (nemendur þurfa að stofna eigin aðgang)
- **Efni frá kennara**

Þekkingarviðmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Málvenjum, uppsetningu og skipulagi ritaðs máls,
- dönsku samfélagi og menningarlífi,
- völdum bókmenntatextum, fræðslu- og fréttagreinum og textum af neti,
- orðaforða og orðasamböndum sem tengjast námsefni daglegu töluðu máli einnig þegar um er að ræða nýtt efni.

Leikniviðmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Rökræða í ræðu og riti og beita gagnrýninni hugsun þar sem skoðanir hans koma fram á skýran hátt,
- nýta á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögn til að efla eigin málfærni m.a. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar,
- skilja og nota algeng stílbrögð í ritmáli,
- nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og draga ályktanir,
- flytja af nokkru öryggi verkefni fyrir kennara og nemendur í smærri hópum lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem rauntexa og fjalla um inntak þeirra bæði skriflega og munnlega.

Hæfniviðmið við lok áfangans eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið,
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar,
- beita skýru og lýtalausum máli í ræðu og riti,
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu,
- túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu tengja inntak bókmenntaverks saman við eigið líf, við önnur sambærileg verk og t.d. semja nýjan endi á bókmenntaverk.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	6. - 30. janúar	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt. Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Smásögupróf 1 Smásögupróf 2
5 - 8	2. - 27. febrúar	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt. Miðannarmat lokaskil 20. febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27. febrúar.	Hlustunarpróf 1 Smásögupróf 3
9 - 12	1. - 27. mars.	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt. Áfangamessa 4. mars. Valdagur 11. mars. Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Smásögupróf 4 Munnlegt próf 1 Smásögupróf 5
13 - 16	7. - 30. apríl	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt.	Smásögupróf 6 Hlustunarpróf 2 Smásögupróf 7
17 - 19	4. - 24. maí	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt. Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19. maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Smásögupróf 8 Munnlegt próf 2

Sérreglur áfangans:

Nemendur þurfa að taka próf úr öllum færniþáttum tungumálsins (ritun, lestur, hlustun og munnlegt), til þess að ná áfanganum. Í tengslum við ritun og ritstuld gildir það að nota má þrjú orð í samhengi upp úr efni sem kemur annar staðar frá.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar:

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Lestur	8 smásögur	50%
Hlustun	2 próf	20%
Tal	2 próf	20%
Virgni og vinnubrögð	Virgni, áhugi og vinnubrögð	10%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar eru við lok hverrar annar, en hvað er það eiginlega? Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- Tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- Útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- Ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- Tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar,

Selfoss, janúar 2026,

Pelle